

Aðalfundur Strandveiðifélagsins Króks,

haldinn 22. september 2018 samþykkir eftirfarandi:

Tillögur til 34. aðalfundar Landssambands smábátæigenda

1. Str.v.f. Krókur leggur til að fyrirkomulag strandveiða 2018 verði fest í sessi, með eftirtalinni breytingu:
bátur geti fengið strandveiðileyfi sem gildir í 4 mánuði samfleytt, leyfilegt verði að veiða 48 daga á tímabilinu að hámarki 4 daga í viku að eigin vali, og með núverandi takmörkunum á aflamagni, rúllufjölda og 14 tíma reglunni.
2. Str.v.f. Krókur leggur til að fyrirkomulag strandveiða 2018 varðandi ufsa verði fest í sessi.
3. Str.v.f. Krókur leggur til að greiðsla veiðigjalds verði fært til fyrra horfs, þ.e. að handhafar veiðiheimilda greiði veiðigjöld.
4. Str.v.f. Krókur leggur til að leyfð verði löndun á hvítlúðu sem meðafla, enda sé ekki um beina sókn að ræða.
5. Str.v.f. Krókur leggur til að smærri og meðalstórar útgerðir, sem landa á markað, fái verulegan afslátt af veiðigjöldum.
6. Str.v.f. Krókur hafnar öllum hugmyndum um kvótasetningu á grásleppu.
7. Str.v.f. Krókur leggur til að leyfð verði notkun belgja (sem valmöguleika) á grásleppuveiðum.
8. Str.v.f. Krókur leggur til að hægt verði að nýta grásleppudagana betur með því að tilkynna inn ef ákveðið er að draga upp og telji þá ekki tíminn fyrr en lagt er aftur.
9. Str.v.f. Krókur leggur til að reglum um línuvílnun verði breytt. Vílnun verði 20% og reiknist á allan afla að 5 tonnum í hverjum dagróðri. Þar sem aflur er umfram það sem kemur til vílnunar taka útreikningar mið af samsetningu heildarafla róðursins.

10. Str.v.f. Krókur leggur til að krókaveiðar á makríl verði gefnar frjálssar og að hlutdeild þeirra í veiðunum verði lágmark 16%.
11. Str.v.f. Krókur leggur til að leigupottur makrils (ráðherrapottur) verði festur í sessi og að ónýttar makrílveiðiheimildir (umfram leyfilega tilfærslu milli ára) verði fært sem viðbót við leigupott næstu makrílvertíðar.
12. Str.v.f. Krókur hafnar öllum hugmyndum um sameiningu aflamarks- og krókaflamarkskerfanna.
13. Str.v.f. Krókur hafnar öllum hugmyndum um frekara afnám takmarkana á veiðarfæranotkun í krókaflamarkskerfinu.
14. Str.v.f. Krókur leggur til að sóst verði eftir reglugerðarbreytingu í strandveiðikerfinu svo bátar geti nýtt sér „VSS Trackwell App“ til að tilkynna sig úr höfn.
15. Str.v.f. Krókur leggur til að LS beiti sér fyrir betri vinnubrögðum hjá LHG og/eða að LHG bæti AIS kerfið. Fráleitt að hlusta á menn rekna frá landi einn daginn og að landi þann næsta.